

REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Akureyrarkaupstað.

101

10. sept.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 4 bæjarfulltrúum og slökkviliðsstjóra. Auk þess á bæjarstjóri sæti í nefndinni, og er hann formaður. Um kosningu nefndarinnar fer með sama hætti og annara fastra nefnda bæjarstjórnar, og skal hún kosin til sama tíma.

Brunamálanefnd hefir á hendi, undir umsjón bæjarstjórnar, stjórn brunamála kaupstaðarins, að svo miklu leyti sem starfið heyrir ekki beinlínis undir slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaganna og reglugerðar þessarar sé í öllu framfylgt.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Akureyrarkaupstað er skylt, auk slökkvistöðvar, að eiga í nothæfu ástandi, að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: 1 bíl (1-tons), með útbúnaði fyrir slökkviáhöld, 1 véldælu, sem dælir minnst 1000 mínútulítra, 1000 metra slöngur með tilheyrandi tengslum og stútum, björgunarstiga, 8 m. langan, 2 áhalda- og slönguvagna, 50 ferm. eldvarnarsegl, 4 reykgírmur, 40 hjálma, 2 krókstjaka, ásamt öðrum smærri áhöldum. Áhöldum þessum skal á kostnað bæjarsjóðs haldið vel við, svo að þau séu ávallt í nothæfu standi.

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að fjölga eða fullkomna slökkvitækin, skal hún leggja það til við bæjarstjórn, að svo verði gert.

Öll slökkvitæki skulu geymd í slökkvistöðinni, að undanskildum einum vagni með slöngum og nokkrum smærri áhöldum, sem ávallt sé geymt í innbænum. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörslum slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu, sem slökkviliðsstjóri álitur nægilegt. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað bæjarsjóðs.

3. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir

101 slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið, hver slökkvitæki hafi 10. sept. verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

4. gr.

Hverju timburhúsi þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum ofan kjallara skal fylgja traustur stigi, er sé svo langur að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengi-legur fyrir slökkviliðið.

5. gr.

Brunamálanefnd getur, að fengnu samþykki bæjarstjórnar, látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, verk-smiðjur, smiðastofur), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins á kostnað húseiganda, og er hann skyldur að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau og má ekki nota þau til neins annars en slökkviráðstafana. Skulu þau geymd á þeim stað er slökkviliðsstjóri ákveður. Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eigin kostnað og hafa á tilteknum stað í húsinu slökkviáhöld, af þeirri gerð er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

6. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal í janúar ár hvert í blaði, sem gefið er út í kaupstaðnum, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu og hvernig tilkynna skuli eldsvoða. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera fjarverandi úr bænum báðir í senn, nema sérstaklega standi á og þó því aðeins að bæjarstjóri samþykki og slökkviliðsstjóri setji mann í sinn stað.

7. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum, að undanskildum þeim, sem með læknisvottorð sanna, að þeir fyrir heilsubilun séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu.

8. gr.

Í slökkviliði kaupstaðarins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 40 liðsmenn og 4 brunaboðar.

9. gr.

Bæjarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki sinnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

10. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa föst laun fyrir starfa sinn, eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess við æfingar, við að slökkva eld, eða við varðstöðu, eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn setur í janúar ár hvert.

Þeir, sem skemma fót sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því, að fá skemmdirnar endurgoldnar úr bæjarsjóði, eftir mati eða samkomulagi.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu og að það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnum, sem slökkviliðsstjóri hefir fyrirfram ákveðið til þess.

12. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, og hlýða þá í öllum atriðum öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

13. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Auk hans eru í lögreglusveitinni lögregluþjónar kaupstaðarins, dagverðir og næturverðir, og ennfremur menn, er lögreglustjóri kveður til þess úr flokki þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður skipulag lögreglusveitarinnar og starfsvið

101 hvers einstaks í henni. Skyllt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um að engir aðrir en slökkviliðsmenn gangi of nærri húsi því er brennur, eða flytji þaðan neitt burt, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Ennfremur sér lögreglusveitin um hjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra er verða fyrir slysum, vísar burtu og tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf.

V. KAFLI

Um vatnstöku o. fl.

14. gr.

Vatn til að slökkva eld, sem og til æfinga, skal tekið úr brunahönum bæjarins. Það er á ábyrgð umsjónarmanns vatnsveitunnar og slökkviliðsstjóra, að allir brunahanar séu óskemmdir og ávallt í nothæfu standi, hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim. Sé þess vandlega gætt að moka snjó frá þeim þegar þá fennir í kaf og á tímabilinu frá 1. október til 1. júní skal einu sinni á mánuði sannprófa að þeir séu óskemmdir. Enginn má taka vatn úr brunahönum né hreyfa við þeim að nokkru leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra og umsjónarmanns vatnsveitunnar.

15. gr.

Skyllt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnhönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemmdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýzt og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnhönum í húsinu. Meðan verið er að slökkva eldsvoða, eru bæjarbúar skyldir að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

16. gr.

Ef hús brennur þar sem vatnsveita liggur ekki að, eða vatn úr brunahönum nægir ekki, er sérhverjum skyllt að lána þau tæki er hann hefir, til að flytja í vatn og leyfa að vatn sé tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefir umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefir verið, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

17. gr.

Það er skylda hvers og eins, sem viðstaddur er eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð sem hann getur, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI

101

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

10. sept.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa fjórum sinnum á ári. Brunamálanefnd skal eftir fyrirætlum bæjarstjórnar, í október eða nóvember ár hvert, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kaupstaðarins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort þúðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd, sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stígar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkviliðstækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til að lagfæra gallana, skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós, við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur þeim brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það er lagfæra þarf.

VII. KAFLI

Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir skulu á göngum sínum um kaupstaðinn hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, lögreglustjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupstaðinn með brunalúðrum.

VIII. KAFLI

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra og ákveður hann þá hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft skulu menn alltaf vera við eldinn, meðan

- 101** 10. sept. Iogandi er í hlóðunum. Hið sama er um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við, má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á kaupstaðarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar og veitir brunamálanefnd því aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðviði má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástafla megi vera og hversu langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar. Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 metra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að tveggja metra bil sé á milli þeirra og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, bensíni, terpentínu, eða öðrum eldfimum vökvum, skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar sem bæjarstjórn samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum, nema í steinhúsum með steinsteypuloftum eða steinsteypum kjöllum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkv. lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annarstaðar, í óleyfi bæjarstjórnar, má lögreglustjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpintínu, benzíni eða áþekktum, eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

- a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé byrgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspítu né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.
- b. Séu birgðirnar ekki meira en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða öðrum álíka eldfimum vökvum og þær geymdar utanhúss í gördum eða portum, þar sem ekkert hús er nær en 6 metra, má því aðeins bera þar inn ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar eða bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra ílátí við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð.

Séu slíkar birgðir geymdar innanhúss skal gæta sömu varúðar og undir a-lið.

- c. Birgðir, allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær

geymdar á afviknum stað í málmiláti eða lokuðum flöskum. Skal þá gætt sömu varúðar og undir a-lið.

101
10. sept.

- d. Í húsum eða herbergjum þar sem farið er með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossomarki undir 40 stiga hita hundraðsmælis (Celsius).
- e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur er úti eða inni, í sölubúðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.
- f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kaupstaðarins, nema samkvæmt fyrirmælum bæjarstjórnar, að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra og skal frágangur allur vera svo rammbbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreikningar mega ekki fara fram í nánd við geymana. Tæmdar benzintunnur skal jafnharðan flytja burtu.
- g. Landflutningur eða uppskipun á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma, má ekki fara fram, nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda, samkvæmt taxa brunamálanefndar.
- h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnaðarmanna, sem fást við trésmíðar, skal gætt þessara varúðarreglna:

- a. Eld má ekki fara með nema í eldstæðum eða ofninum og tóbaksreikningar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmí, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.
- b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái að minnsta kosti 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.
- c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.
- d. Ekki má fleygja eldspítu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn, eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir að hún geti ekki kveikt eld frá sér.
- e. Tréspænic, hey, eða aðrir slikir eldfimur hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahússgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal

101
10. sept.

- þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.
- f. Miklar birgðir af trésmíðæfni mega ekki liggja í göngum eða stigum og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnaðarmenn, sem fást við trésmíði eða járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðæfni í járn- og trésmíðju sinni, en þarf til að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.
- g. Þegar vinnu er lokið að kvöldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.
- h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskraní með viðfestri slöngu. Ennfremur getur brunamálanefnd fyrirskipað eiganda að hafa þar önnur slökkvitæki ef hún sér nauðsyn til.
- i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt og hinnar mestu varúðar gætt, í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI

Um slökkviliðið.

24. gr.

Fastir starfsmenn í slökkviliðinu skiptast þannig niður:

Til björgunar	16	menn
Við vatnsslöngur	16	—
Við dælur	4	—
Við brunahana	4	—
Brunaboðar	4	—

Slökkviliðsstjóri skiptir liðinu niður í flokka og skipar flokksstjóra eftir þörfum. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera. Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja á skránni við alla þá sem hafa mætt.

25. gr.

- a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokksnum, er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt sem hann bjargar, skal hann fara vel með. Enga björgun má hann fram-

- kvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar úr flokki þessum flokksstjóra, sem hann getur snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra sem skipaðir kunna að verða.
- b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.
 - c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og tilheyrandi áhöld komi á brunastaðinn, og skal hann koma slöngunum þannig fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirmælum yfirmanna.
 - d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slangnanna.
 - e. Brunahanaflokkur skal tengja slöngurnar við brunahanana eftir fyrirskipunum yfirmanna slönguliðs.
 - f. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli skyldir til að mæta á brunastaðnum, og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

26. gr.

Allir liðsmenn skulu, þá er þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjóttir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

27. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti reglugerð kaupstaðarins, vanda um við þá sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

28. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni þá er liðið er kallað saman, að undanskildum 4 mönnum úr björgunarliðinu (sbr. 25. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

101

10. sept.

29. gr.

Allir slökkviliðsmenn, eða aðrir þeir, sem vinna að slökkvitraunum, æfingum eða björgun við eldsvoða skulu slysatryggðir á kostnað bæjarsjóðs. Verði slökkviliðsmaður fyrir slysi skal fyrir allt að 10 daga greiða úr bæjarsjóði bætur eftir sömu reglum og slysatryggingin greiðir eftir þann tíma.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í bæjarsjóð Akureyrar-kaupstaðar.

31. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um skipun slökkviliðs og brunamála í Akureyrar-kaupstað frá 26. september 1919.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. október 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

102

12. sept.

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegin í Mosvallahreppi.

1. gr.

Sýsluvegurinn í Mosvallahreppi er í samþykkt þessari vegurinn frá Mosvöllum að Hjarðardal ytri og frá Breiðadalsá að þjóðveginum hjá Veðrará.

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Mosvallahrepp.

3. gr.

Sýsluveg þenna skal gera akfæran vögnum og bifreiðum svo fljótt sem unnt er, og skal hann lagður eftir fyrirmælum og umsjón vegamálastjóra.